

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið
Borgartún 26
105 Reykjavík
Sent á samráðsgátt

Reykjavík 25. mars 2026

Flýting uppbyggingar raforkuinnviða og einföldun regluverks

Landvernd styður eindregið að sú raforka sem framleidd er í landinu nýtist til fulls. Hagsmunir náttúrunnar eru almannahagsmunir og því brýnt að orkan fari ekki til spillis.

Landvernd telur gott að flýta eigi fyrir þjóðhagslega mikilvægum innviðum en áréttar að túlkun á almannahagsmunum verði að vera miklu skýrari þegar ráðist er í breytingar á lögum sem varða náttúru landsins og ákvæði í stjórnarskrá. Þá hagsmuni skuli túlka þröngt.

Raflínur eru margvíslegar og ólíkar og stór munur er á dreifikerfi fyrir almenna notkun og raforkuflutninga til stærstu stórnotenda sem að jafnaði eru verksmiðjur í erlendri eigu. Innviðaframkvæmdir fyrir slíka notkun hafa í för með sér meiriháttar röskun á umhverfi og náttúru og Landvernd telur hættulegt að stytta og einfalda leið stóriðjunnar að nýtingu náttúru Íslands, hvað þá að hóta eignarnámi til að koma slíku í kring. Dæmi eru um að lagt sé til að leggja stórar línur á grundvelli vilja um að ákveðin orkuöflunarverkefni verði að veruleika áður en að leyfisveitingaferlum fyrir er lokið. Í stjórnarsýslufræðum er þetta kallað „Salami slicing“ þegar minni breytingum er komið í gegn sem eru hluti af stærra og umdeildara heildarverkefni. Um leið og hluti verkefnis er kominn til framkvæmda og fjárfestingar byrjaðar er líklegra að reynt verði að réttlæta neikvæð umhverfisáhrif með þeim rökum að verkefnið sé nú þegar byrjað.

Eignarnám, hættulegt fordæmi fyrir náttúruna

Í drögum segir að úrlausnarefnið sé að draga úr lagalegum hindrunum sem tefja framgang mikilvægra innviðaframkvæmda. Stefnan sé að tryggja stöðugleika og afhendingaröryggi í raforkukerfinu til að styðja við orkuskipti og þjóðhagslega hagsmuni og verðmætasköpun um allt land. Ferli leyfisveitinga verði því einfaldað, tímafrestir lögbundnir og verkefni í nýtingarflokki rammaáætlunar látni njóta forgangs í stjórnarsýslu orkumála.

Landvernd áttar sig ekki á hvort setningin um að verkefni í nýtingarflokki rammaáætlunar verði látni njóta forgangs í stjórnarsýslu orkumála þýði að stefnt sé að því í framtíðinni að beita megi eignarnámi vegna fleiri framkvæmda en dreifikerfisins. Hvað eru raforkuinnviðir í huga stjórnvalda? Er hér verið að gefa til kynna að hægt verði að beita eignarnámi vegna vatnsaflsvirkjana, vindorkuvera, dreifikerfis og almennt allra framkvæmda sem ríkisstjórn hvers tíma telur þjóðhagslega hagkvæma.

Landvernd óttast slíkar hugmyndir og telur að bæði náttúrunni og loftslaginu sé mikil hætta búin af því að bann við að hefja framkvæmdir áður en samkomulag hefur náðst, eða eignarnám farið fram, verði afnumið úr 21. grein raforkulaga. Þessi áform snerta 72. grein stjórnarskrárinnar og gefa fordæmi sem gæti bitnað á náttúrunni, varúðarsjónarmiðum og mannréttindum. Hafi



framkvæmdaaðili fengið leyfi til yfirráða yfir landi og hafið framkvæmdir áður en deilur hafa verið settar niður er hætt við að tillögur landeigenda sem gætu bætt umhverfispáttinn og varið náttúruna eftir því sem kostur er, komi ekki einu sinn fram.

Einföldun til að greiða leið stórfamkvæmda á kostnað náttúru

Í áformaskjalinu segir að málið snúist um efnislegar heimildir til nýtingar lands innanlands en þau varði ekki ákvæði EES-samningsins. Taka þurfi tillit til laga um framkvæmd eignarnáms, skipulagslaga og laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

Þessi áform um lagasetningu koma í langri röð þingmála sem öll miða að því sama - sem er að flýta fyrir framkvæmdum stórra fyrirtækja og draga úr aðkomu almennings til þess að hafa áhrif þar á. Eins og oft áður hefur komið fram, hefur náttúran ítrekað þurft að líða fyrir lélega stefnumótun, takmarkað samráð og sjálfðæmi fyrirtækja til að meta eigin framkvæmdir með arðsemi sína að leiðarljósi frekar en almannahag. Landvernd minnir á að mannréttindi og náttúruvernd eru sitthvor hliðin á sama peningi og hvetur stjórnvöld til að undirbúa alla lagasetningu með hagsmuni náttúrunnar og almennings að leiðarljósi, með samráði frekar en valdbeitingu.

Í þessum áformum er á engan hátt skýrt hvaða aðstæður og hvernig framkvæmdir kalla á að eignarnámi getið verið beitt, ekki frekar en að skýrt hvað séu almannahagsmunir. Úr þessu þarf að bæta svo hægt sé að ræða áformin af sanngirni með náttúruvernd og varúðarsjónarmið í öndvegi.

Eignarnám í þágu náttúruverndar

Að mati Landverndar eru mikilvægustu almannahagsmunir allra þjóða að verja umhverfi sitt, loftslag og náttúru og móta stefnu um nýtingu sem verndar landsvæði, endurheimtir votlendi, ver líffræðilega fjölbreytni og víðerni gegn framkvæmdum sem hafa þann tilgang að hámarka hagvöxt hvað sem það kostar. Það vekur athygli Landverndar að þótt viðurkennt sé af hálfu stjórnvalda að vernda þurfi víðerni og einstaka náttúru Íslands, hvarflar ekki að stjórnvöldum að boða átak í að flýta ferlum, einfalda regluverk, hvað þá að beita eignarnámi til að tryggja vernd viðkvæmra vistkerfa, tegunda í útrýmingarhættu og einstakra svæða sem viðurkennt er að þyrftu að njóta verndar, til dæmis með friðlýsingum.

Landvernd vill trú á tillitssemi og samninga í deilumálum og vilja til að náttúran njóti vafans, svo ekki þurfi að beita eignarnámi. Samtökin fagna því að enn séu til lög, stofnanir, samtök og stjórnsýsla í landinu með það hlutverk að vernda náttúruna, hemja ágenga nýtingu, marka verndarstefnur og hafa eftirlit með því að ekki verði unnin óafturkræf spjöll á lífríki og náttúru Íslands. Stjórnsýslan þyrfti hins vegar að vera sterkari og sjálfstæðari. Til þess að svo geti orðið er nauðsynlegt að stofna að nýju sjálfstætt umhverfisráðuneyti og styrkja eftirlitsstofnanir, rannsóknir og stjórnsýslu náttúruverndar.

Með vinsemd og virðingu.

Þorgerður María Þorbjarnardóttir.

Formaður Landverndar.